

## Yfirlit

Þær skýrslur, greinar, tenglar o.s.frv., sem hér eru birtar, eru til komnar vegna innleggs undirritaðs á fundi í Vísindagarðinum, Egilsstöðum, 2. mars 2010, um háskólanám á Austurlandi (sjá samnefndan tengil hér að neðan, einkum glærurnar 2-4). Á fundinum voru Guðrún Áslaug Jónsdóttir, Gunnlaugur Guðjónsson, Helga Hreinsdóttir, Jóhanna Gísladóttir, Jón Kristjánsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Óðinn Gunnar Óðinsson, Pétur Bjarnason, Sigrún Víglundsdóttir, Stefanía Kristinsdóttir og Valdimar Briem (undirritaður). Kom þar fram margt áhugavert um forsögu og nústöðu háskólanáms á Austurlandi, og höfðu flestir fundargestar margvíslegu áhugaverðu við framsögn undirritaðs að bæta.

Eftir fundinn stakk Óðinn upp á því að gaman væri að taka saman helstu þættina í sögu uppbyggingar háskólatengds náms í fjórðungnum. Undirritaður bauðst til að halda utan um slíkt verkefni, sem þátttakendurnir í fundinum ynnu sameginlega. Var þessu vel tekið. Er verkefnið nú í deiglu, og verður heilsteypt skýrsla birt hér þegar fram líður.

Þangað til verða framlög þátttakendanna lögð út á netið, og eru þau öllum til frjálstra afnota.

Valdimar

Egilsstöðum, 6. mars, 2010.